

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA

SKÓLASTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS

GILDISTÍMI:

1. OKTÓBER 2023 TIL 31. MAÍ 2024

EFNISYFIRLIT

KAFLI 1: LAUN	3
1.2 RÖÐUN OG KENNSLUSKYLDA DEILDARSTJÓRA	3
1.4 STARFSMENN SKÓLASKRIFSTOFA	4
KAFLI 15: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	6
15.1 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR.....	6
BÓKANIR OG VIÐAUKAR	7
BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2023:	7
ELDRI BÓKANIR AÐILA SEM HALDA GILDI SÍNU:	7
FYLGISKJÖL	9
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	9
FYLGISKJAL 7: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN	11

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. október 2023 til 31. maí 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Kjarasamningur þessi nær til félagsmanna í Skólastjórafélagi Íslands er starfa samkvæmt kjarasamningi þessum hjá sveitarfélögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur samningsumboð fyrir.

KAFLI 1: LAUN

Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun breytist og hljóði svo:

1.1.1 Launatafla

Föst mánaðarlaun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflu í fylgiskjali 1:

Launatafla A-1, gildistími: 1. október 2023 til 31. maí 2024.

1.1.4 ÖNNUR LAUN

Grein 1.1.4 um önnur laun:

Önnur laun hækka um 5% frá og með 1. október 2023.

1.2 RÖÐUN OG KENNSLUSKYLDA DEILDARSTJÓRA

1.2.1 Röðun og kennsluskylda deildarstjóra

Deildarstjóri er millistjórnandi, sem fer með mannaforráð og stjórnar ákveðinni þjónustu, deild eða skólastigi eftir nánari ákvörðun skólastjóra. Með mannaforráðum er átt við að viðkomandi millistjórnandi fari með daglega verkstjórn starfsmanna sem undir hann heyra.

Deildarstjórar sem fara með stigsstjórn og hafa mannaforráð raðast í launaflokka samkvæmt launatöflu skv. fylgiskjali 1.

Launatafla A-1, gildistími: 1. október 2023 til 31. maí 2024.

Grein 1.2.1 um röðun og kennsluskylda deildarstjóra breytist frá og með 1. október og hljóði svo:

1.2.1 Röðun og kennsluskylda deildarstjóra

Eftirfarandi röðun gildir fyrir deildarstjóra frá 1. október 2023.

Deildarstjórar Gildir frá 1. ágúst 2022	Stjórnunar- umfang	Launa- flokkur	Kennslu- skylda	Hámarks kennsla umfram skyldu
Deildarstjóri 1	≤ 30%	465	25 > 18,2	5
Deildarstjóri 2	31% til 49%	466	17,9 > 13,3	4
Deildarstjóri 3	50% til 74%	468	13 > 6,8	3
Deildarstjóri 4	75% og hærra	470	6,5 > 0	2

Grein 1.3.7 um viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu skólastjórna breytist frá 1. október 2023 og hljóði svo

1.3.7 Viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu skólastjórna

Grein 1.3.7 um viðbótarflokka vegna stjórnunarreynslu skólastjórna breytist á samningstímanum. Eftirfarandi gildir frá 1. október 2023.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar fá eftirfarandi viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu í grunn-, leik-, tónlistar-, framhalds- og/eða háskóla:

- Tveir launaflokkar eftir 5 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 10 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 15 ára stjórnunarreynslu.
- Einn launaflokkur eftir 20 ára stjórnunarreynslu.

Grein þessi veitir að hámarki 7 viðbótarlaunaflokka.

Kennsluferil allt að 10 árum skal meta með sama hætti og um stjórnunarreynslu væri að ræða.

*Eingöngu er metinn kennsluferill í leik-, grunn-, tónlistar-, framhalds- og/eða háskólum eftir að viðkomandi lauk kennaranámi. Skilyrði er að starfsmaður hafi verið ráðinn í 50% til 100% fast starfshlutfall við kennslu.**Hækkun skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður skilar staðfestum gögnum frá fyrri vinnuveitendum um starfseynslu sína.***Grein 1.3.9 um annaruppbót breytist og hljóði svo:**

1.3.9 Annaruppbót

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma.

Annaruppbót 1. desember 2023

kr. 100.800,-

1.4 STARFSMENN SKÓLASKRIFSTOFA**Grein 1.4.1 um launatöflu starfsmanna skólaskrifstofa breytist og hljóði svo:**

1.4.1 Launatafla

Föst mánaðarlaun kennsluráðgjafa og sérkennslufulltrúa, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflu í fylgiskjali 1:

Launatafla A-1 gildistími: 1. október 2023 til 31. maí 2024.

Grein 1.4.3.2 um viðbótarflokka vegna starfsreynslu starfsfólks skólaskrifstofa breytist á samningstímanum og gildir eftirfarandi frá og með 1. október 2023.

Grein 1.4.3.2 um viðbótarflokka vegna starfsreynslu starfsfólks skólaskrifstofa

Grein 1.4.3.2 um viðbótarflokka vegna starfsreynslu starfsfólks skólaskrifstofa breytist á samningstímanum. Eftirfarandi gildir frá 1. október 2023. Grein 1.4.3.2 gildir aðeins um starfsmenn sem taka röðun skv. valkvæðum röðunarkafla, grein 1.4.3.

1.4.3.2 Starfsmaður á skólaskrifstofu sem hefur starfsreynslu sem slíkur, sem kennsluráðgjafi og/eða reynslu sem stjórnandi í grunn-, leik-, tónlistar-, framhalds- og/eða háskóla hjá ríki eða sveitarfélagi fær eftirfarandi viðbótarlaunaflokka vegna starfsreynslu:

- Tveir launaflokkar eftir 5 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 10 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 15 ára stjórnunarreynslu.
- Einn launaflokkur eftir 20 ára stjórnunarreynslu.

Grein þessi veitir að hámarki 7 viðbótarlaunaflokka.

Kennsluferil allt að 10 árum skal meta með sama hætti og um stjórnunarreynslu væri að ræða.

Eingöngu er metinn kennsluferill í leik-, grunn-, tónlistar-, framhalds- og/eða háskólum eftir að viðkomandi lauk kennaranámi. Skilyrði er að starfsmaður hafi verið ráðinn í 50% til 100% fast starfshlutfall við kennslu.

Hækkun skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður skilar staðfestum gögnum frá fyrri vinnuveitendum um starfreynslu sína.

Grein 1.4.4 um annaruppbót breytist og hljóði svo:

1.4.4 Annaruppbót starfsfólks skólaskrifstofa

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma.

Annaruppbót 1. desember 2023 kr. 100.800,-

KAFLI 15: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

15.1 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

Grein 15.1 um gildistíma og samningsforsendur breytist og hljóði svo:

- 15.1.1 Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. október 2023 til 31. maí 2024 en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.
- 15.1.2 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 1. september 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 1. september 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 18. ágúst 2023.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Skólastjórafélags Íslands,
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

BÓKANIR OG VIÐAUKAR

BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2023:

BÓKUN 1 [2023]

Bókun um launasetningu skólastjórnenda

Við launasetningu skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra skulu grunnlaun vera að lágmarki 3% hærrí en mánaðarlaun sem hann ella fengi sem umsjónarkennari í lfl. 235 skv. ákvæðum í kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara sem gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024. Um er að ræða tímabundna ákvörðun sem gildir frá 1. október 2023 til og með 31. maí 2024.

ELDRI BÓKANIR AÐILA SEM HALDA GILDI SÍNU:

BÓKUN 1 [2022]

Bókun um endurskoðun launamyndunarkerfis skólastjórnenda

Skólastjóraráfélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að ná megi fram sameiginlegum ávinningi samningsaðila með endurskoðun launamyndunarkerfis skólastjórnenda.

Starfshópi aðila er falið að skoða á gildistíma kjarasamningsins þá þætti er nú mynda laun skólastjórnenda og fram koma í 1. kafla kjarasamningsins, þ.m.t. röðun starfa, auk bókar 5 um fastlaunasamning frá árinu 2020, með það að markmiði að tryggja gagnsærra og skilvirkara launamyndunarkerfi. Samhliða þessari vinnu verði starfslýsingar skólastjórnenda uppfærðar, störf skólastjórnenda mátuð í starfsmat skv. starfsmatskerfinu SAMSTARF og upptaka nýrrar launatöflu skoðuð.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum til samningsaðila fyrir lok gildistíma kjarasamningsins.

BÓKUN 1 [2020]

Mismunandi meðferð vegna aldurs

Aðilar eru sammála um að ákvæði kjarasamnings sem fela í sér undanþágu starfsmanna er náð hafa 50 ára aldri frá næturvöktum og/eða bakvöktum, ef þeir óska þess, feli ekki í sér brot gegn lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hið sama á við um ákvæði um lengri uppsagnarfrest fyrir starfsmenn 55 ára og eldri sem hafa starfað í a.m.k. 10 ár samfelld hjá sömu stofnun.

Við vissar aðstæður getur mismunandi meðferð vegna aldurs verið réttlæt看leg þegar færð eru fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögum áttu markmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum er varða vinnumarkað, að gættu meðalhófi.

Með kjarasamningsbundnum ákvæðum um undanþágu frá næturvöktum og bakvöktum eftir tiltekinn aldur er verið að horfa til þeirra sjónarmiða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að það verði erfiðara fyrir starfsfólk eftir því sem það eldist að sinna næturvöktum þar sem það taki lengri tíma að jafna sig líkamlega vegna samspils milli vinnufyrirkomulags, svefns og dægursveiflu.

Ákvæði um lengri uppsagnarfrest með hækkandi lífaldri byggja á þeim sjónarmiðum að þegar stutt er í starfslok getur starfsfólk átt erfiðara með að finna aðra vinnu við hæfi. Evrópuþómstóllinn hefur gefið aðildarríkjum nokkuð svigrúm til að ákveða að hvaða markmiðum skuli stefnt og hvaða aðgerðir séu heppilegar til að ná því markmiði. Samningsaðilar eru sammála um að markmiðin að baki þessum ákvæðum séu málefnaleg og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er.

BÓKUN 2 [2020]

Endurskoðun 13. kafla um veikindi

Samningsaðilar eru einhuga um að tímabært sé að taka til heildarendurskoðunar 13. kafla í kjarasamningi, sem fjallar um rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa. Markmið slíkrar endurskoðunar verði meðal annars að stuðla að því að sem flestir geti verið virkir á vinnumarkaði. Viðverustefna sem stuðlar að snemmbæru inngripi getur komið í veg fyrir langtímaveikindi og jafnvel örorku á síðari stigum. Að sama skapi þarf að auka möguleika starfsmanna til aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi og við endurkomu á vinnustað eftir starfsendurhæfingu hjá VIRK. Þá verði ákvæði 13. kafla endurskoðuð með það að markmiði að skýra þau betur með tilliti til lagabreytinga og í ljósi framkvæmdar og túlkunar ákvæða.

Við endurskoðun veikindakafans verði meðal annars hugað að sameiginlegri skilgreiningu á hugtökunum langtíma- og skammtímaveikindi og framkvæmd talningar veikindadaga samræmd. Þá verði grein um veikindi barna yngri en 13 ára skoðuð og metið hvort hún ætti að fjalla um veikindi nákominnna. Enn fremur verði fjallað um áhrif persónuverndarlaga og annarra laga á ákvæði 12. kafla ásamt því að ákvæði verði skýrð betur með það að markmiði að lesendur kjarasamnings fái betri yfirsýn um hvað ákvæðin fela í sér.

Með þessi markmið að leiðarljósi verður unnið að endurskoðun 13. kafla á samningstímanum. Vinna við endurskoðun 13. kafla hefst 17. ágúst 2021 og gert er ráð að henni ljúki eigi síðar en 1. maí 2022. Náist samstaða innan hópsins um breytingar á grein um veikindi barna yngri en 13 ára eru samningsaðilar ásáttir um að hún geti tekið gildi á samningstímanum, eftir nánara samkomulagi aðila þar að lútandi.

BÓKUN 5 [2020]

Um fastlaunasamning

Aðilar eru sammála um að fastlaunasamningur skólastjórnenda nái ekki til óhefðbundinna starfa í skólastarfi grunn- og leikskóla. Greiða skal aukalega fyrir slík störf í samráði við næsta yfirmann.

Dæmi um slík óhefðbundin störf eru: byggingarframkvæmdir, meiriháttar viðhald húsnæðis, mygluvandamál, bruni húsnæðis og flutningur starfsstöðvar.

BÓKUN IV [1997]

um rétt félagsmanna KÍ á skólaskrifstofum til að sækja um námsleyfi

Samkomulag er um að vegna þeirra starfsmanna á skólaskrifstofum sem eru félagar í KÍ verði heimilt að greiða í Námsleyfasjóð og að þeir öðlist þannig rétt til að sækja um námsleyfi úr sjóðnum.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, kennsluráðgjafa og sérkennslufulltrúa sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

Launatafla A-1, gildistími: 1. október 2023 til 31. maí 2024.

SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS									
Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar, kennsluráðgjafar og sérkennslufulltrúar									
LAUNATAFLA A-1									
Gildistími frá 1. október 2023 til 31. maí 2024									
Launa-flokkur	Grunnlaun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%
457	595.617	607.529	619.442	631.354	643.266	655.179	667.091	679.003	690.916
458	608.988	621.168	633.348	645.527	657.707	669.887	682.067	694.246	706.426
459	622.734	635.189	647.643	660.098	672.553	685.007	697.462	709.917	722.371
460	636.866	649.603	662.341	675.078	687.815	700.553	713.290	726.027	738.765
461	651.393	664.421	677.449	690.477	703.504	716.532	729.560	742.588	755.616
462	666.326	679.653	692.979	706.306	719.632	732.959	746.285	759.612	772.938
463	681.678	695.312	708.945	722.579	736.212	749.846	763.479	777.113	790.746
464	697.460	711.409	725.358	739.308	753.257	767.206	781.155	795.104	809.054
465	713.684	727.958	742.231	756.505	770.779	785.052	799.326	813.600	827.873
466	730.363	744.970	759.578	774.185	788.792	803.399	818.007	832.614	847.221
467	747.508	762.458	777.408	792.358	807.309	822.259	837.209	852.159	867.109
468	765.133	780.436	795.738	811.041	826.344	841.646	856.949	872.252	887.554
469	783.252	798.917	814.582	830.247	845.912	861.577	877.242	892.907	908.572
470	801.878	817.916	833.953	849.991	866.028	882.066	898.103	914.141	930.178
471	821.026	837.447	853.867	870.288	886.708	903.129	919.549	935.970	952.390
472	840.710	857.524	874.338	891.153	907.967	924.781	941.595	958.409	975.224
473	860.945	878.164	895.383	912.602	929.821	947.040	964.258	981.477	998.696
474	881.746	899.381	917.016	934.651	952.286	969.921	987.556	1.005.190	1.022.825
475	903.130	921.193	939.255	957.318	975.380	993.443	1.011.506	1.029.568	1.047.631
476	925.112	943.614	962.116	980.619	999.121	1.017.623	1.036.125	1.054.628	1.073.130
477	947.710	966.664	985.618	1.004.573	1.023.527	1.042.481	1.061.435	1.080.389	1.099.344
478	970.941	990.360	1.009.779	1.029.197	1.048.616	1.068.035	1.087.454	1.106.873	1.126.292
479	994.822	1.014.718	1.034.615	1.054.511	1.074.408	1.094.304	1.114.201	1.134.097	1.153.994

SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS									
Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar, kennsluráðgjafar og sérkennslufulltrúar									
LAUNATAFLA A-1									
Gildistími frá 1. október 2023 til 31. maí 2024									
Launa- flokkur	Grunnlaun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
480	1.019.373	1.039.760	1.060.148	1.080.535	1.100.923	1.121.310	1.141.698	1.162.085	1.182.473
481	1.044.610	1.065.502	1.086.394	1.107.287	1.128.179	1.149.071	1.169.963	1.190.855	1.211.748
482	1.069.267	1.090.652	1.112.038	1.133.423	1.154.808	1.176.194	1.197.579	1.218.964	1.240.350
483	1.094.587	1.116.479	1.138.370	1.160.262	1.182.154	1.204.046	1.225.937	1.247.829	1.269.721
484	1.120.587	1.142.999	1.165.410	1.187.822	1.210.234	1.232.646	1.255.057	1.277.469	1.299.881
485	1.147.285	1.170.231	1.193.176	1.216.122	1.239.068	1.262.014	1.284.959	1.307.905	1.330.851
486	1.174.700	1.198.194	1.221.688	1.245.182	1.268.676	1.292.170	1.315.664	1.339.158	1.362.652
487	1.202.850	1.226.907	1.250.964	1.275.021	1.299.078	1.323.135	1.347.192	1.371.249	1.395.306
488	1.231.756	1.256.391	1.281.026	1.305.661	1.330.296	1.354.932	1.379.567	1.404.202	1.428.837
489	1.261.437	1.286.666	1.311.894	1.337.123	1.362.352	1.387.581	1.412.809	1.438.038	1.463.267
490	1.291.914	1.317.752	1.343.591	1.369.429	1.395.267	1.421.105	1.446.944	1.472.782	1.498.620
491	1.323.208	1.349.672	1.376.136	1.402.600	1.429.065	1.455.529	1.481.993	1.508.457	1.534.921
492	1.355.342	1.382.449	1.409.556	1.436.663	1.463.769	1.490.876	1.517.983	1.545.090	1.572.197
493	1.388.337	1.416.104	1.443.870	1.471.637	1.499.404	1.527.171	1.554.937	1.582.704	1.610.471
494	1.423.953	1.452.432	1.480.911	1.509.390	1.537.869	1.566.348	1.594.827	1.623.306	1.651.785
495	1.460.566	1.489.777	1.518.989	1.548.200	1.577.411	1.606.623	1.635.834	1.665.045	1.694.257

FYLGISKJAL 7: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN

Yfirlýsing og verkáætlun á gildistíma kjarasamnings 2023 til 2024.

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélag líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	Vinna þegar hafin	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu milli aðila í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Aðilar eru sammála um að samstarfsnefnd aðila verði falið að greina og ræða stjórnunarumfang skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.	1. október 2023	29. febrúar 2024.
Aðilar eru sammála um að samstarfsnefnd verði falið að meta fjölbreytta starfsreynslu stjórnenda.	1. október 2023	29. febrúar 2024.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu samningsmarkmið aðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.